



Lúxemborg, 2. júlí 2024

FRÉTTATILKYNNING 08/2024

Í máli E-6/23 *Ákærvaldið gegn MH*

AFLEIDDUR BÚSETURÉTTUR ÞRIÐJA LANDS MAKA EES-BORGARA SEM HEFUR SÆTT ENDURKOMUBANNI

Með dómi sem var kveðinn upp í dag, veitti EFTA-dómstóllinn ráðgefandi álit varðandi spurningar sem Hæstiréttur Noregs (*Norges Høyesterett*) sendi til dómstólsins um túlkun á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/38/EC (“tilskipunin”).

MH er íranskur ríkisborgari sem kom til Noregs sem hælisleitandi árið 2008. Hann fékk endanlega synjun umsóknar sinnar frá kæruneftnd útlendingastofnunarinnar (*UNE*) þann 4. apríl 2011, og hafði þá frest til 28. febrúar 2012 til þess að yfirgefa Noreg og Schengen svæðið. MH fór hins vegar ekki frá Noregi áður en fresturinn rann út og í kjölfarið tók Útlendingastofnun (*UDI*) ákvörðun um brottvísun og endurkomubann MH til Noregs í fimm ár. Þann 23. febrúar 2017 var hann dæmdur í níu mánaða fangelsi fyrir vörslu og flutning vímuefna, og fyrir falskan framburð og fyrir að framvísa fölsuðum skilríkjum við lögreglu eftirlit. Síðar sama ár tók Útlendingastofnun ákvörðun um að vísa MH á brott frá Noregi og um varanlegt endurkomubann til Noregs. Þann 6. febrúar 2019 var MH handtekinn og honum vísað brott til Írans þann 11. mars 2019. Árið 2020 fékk MH dvalarleyfi með stöðu flóttamanns í Grikklandi. Í kjölfarið ferðaðist hann til Svíþjóðar þar sem hann tók sér búsetu með eiginkonu sinni og dóttur sem báðar eru norskir ríkisborgarar. MH og kona hans gengu í hjónaband árið 2019. MH stundar atvinnu í Svíþjóð. MH og kona hans eiga saman dóttur sem fæddist í Noregi í mars 2022.

Þann 24. maí 2022 var MH handtekinn í Noregi, upphaflega fyrir ölvunarakstur. Hann var í kjölfarið ákærður, fyrir brot á útlendingalöggjöfni, og fyrir að dvelja í ríkinu þrátt fyrir að hafa verið vísað brott frá Noregi og sætt varanlegu endurkomubanni. Með dómi frá 6. júlí 2022 var MH fundinn sekur af héraðsdómi Søndre Østfold (*Søndre Østfold tingrett*). MH áfrýjaði dóminum. Áfrýjunardómstóll Borgarting (*Borgarting lagmannsrett*) komst síðar að sömu niðurstöðu og héraðsdómur. MH áfrýjaði þeim dómi síðan til Hæstaréttar Noregs sem óskaði eftir ráðgefandi áliti EFTA-dómstólsins og lagði fram þrjár spurningar þann 22. júní 2023.

Í fyrstu spurningunni, spyr landsdómstóllinn í meginatriðum um það hvort tilskipunin veiti ríkisborgara þriðja lands sem er fjölskyldumeðlimur EES-borgara sem hefur nýtt rétt sinn til að flytja til og taka upp búsetu í öðru EES-ríki en upprunaríki sínu, rétt til komu og skammtímabúsetu í upprunaríki EES-borgarans, jafnvel þótt hann hafi áður

sætt endurkomubanni í því ríki í samræmi við lög þess um ríkisborgara þriðja lands, áður en hann naut verndar samkvæmt tilskipuninni. EFTA-dómstóllinn taldi að reglurnar í VI. kafla tilskipunarinnar beri að túlka þannig að þær heimili ekki EES-ríki að synja maka EES-borgara, sem er ríkisborgari þriðja lands, um komu og búsetu á yfirráðasvæði sínu á þeirri forsendu einni að hann hafi áður sætt endurkomubanni á grundvelli ákvarðana sem teknar voru í tengslum við fyrra brot, áður en hann öðlaðist afleiddan rétt til frjálsrar fara samkvæmt tilskipuninni, án þess að sannprófa fyrst að viðvera hans á yfirráðasvæði EES-ríkisins feli í sér raunverulega, yfirvofandi og nægilega alvarlega ógnun við einhverja af grundvallarhagsmunum samfélagsins, í skilningi 2. mgr. 27. gr. tilskipunarinnar.

Landsdómstóllinn spyr í annarri spurningu sinni hvort 32. gr. tilskipunarinnar eigi við, hugsanlega með löggjöfnun, í aðstæðum eins og þeim sem lýst er í fyrstu spurningunni, með þeim afleiðingum að innlend yfirvöld í komuríkinu geti krafist þess að ríkisborgari þriðja lands leggi fram umsókn um að varanlega endurkomubanninu verði aflétt fyrir komu til þess ríkis. Dómurinn taldi að 32. gr. tilskipunarinnar ætti ekki við, hvorki beint né með löggjöfnun, í aðstæðum þar sem synjun á rétti til komu og búsetu byggist ekki á því að raunveruleg, yfirvofandi og nægilega alvarleg ógnun við allsherjarreglu eða almannaoöryggi sé fyrir hendi.

Með þriðju spurningu sinni leitaðist landsdómstóllinn eftir leiðbeiningum um hvort 36. gr. tilskipunarinnar eða aðrar skuldbindingar í EES-rétti takmarki möguleika EES-ríkja til að refsa fyrir brot á innlendum ákvörðunum um endurkomubann. Landsdómstóllinn spurði einkum og sér í lagi um hvort einhverjar takmarkanir væru á beitingu EES-ríkja á viðurlögum í málum sem þessu hvað varðar tegund og umfang refsingar. EFTA-dómstóllinn taldi að 36. gr. tilskipunarinnar ætti ekki við í þessu tilviki. Þó ber að fylgja 27. gr. tilskipunarinnar, sérstaklega þegar EES-ríki vill refsa ríkisborgara þriðja lands fyrir að koma til og/eða dvelja á yfirráðasvæði þess, í bága við innlend lög og reglur varðandi innflytjendamál áður en hann verður fjölskyldumeðlimur í fjölskyldu EES-borgara. Sé ekki fyrir hendi nýtt mat í samræmi við tilskipunina er dvöl hans á yfirráðasvæði EES-ríkisins lögmæt samkvæmt EES-rétti. Þar af leiðandi getur viðkomandi ekki sætt viðurlögum samkvæmt landslögum fyrir brot gegn upphaflegri ákvörðun um brottvísun með því að nýta sér afleidd réttindi sem tilskipunin veitir honum.

Dóminn í heild sinni er að finna á vefsíðu EFTA-dómstólsins: www.eftacourt.int.

Fréttatilkynning þessi er ekki opinbert skjal. Dómurinn sjálfur gildir.